

Sp.

349. Tillaga til þingsályktunar

[167. mál]

um hrognkelsaveiðar.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson.

Alþingi ályktar að skora á sjávarútvegsráðherra og/eða landbúnaðarráðherra að setja reglugerð um hrognkelsaveiðar við Ísland. Þar sé m. a. kveðið á um svæðisbundinn veiðitíma, friðunaraðgerðir o. fl.

Greinargerð.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar frá 16. okt. s. l. um ástand fiskstofna er ekki að finna neinar upplýsingar um ástand hrognkelsastofnsins. Tiltölulega takmarkaðar upplýsingar munu liggja fyrir um stærð stofnsins og veiðipól, afla miðað við netafjölda, gönguleiðir o. þ. h. Nokkrar rannsóknir hafa þó átt sér stað, er m. a. veita upplýsingar, þótt takmarkaðar séu, um ferðir merktra hrognkelsa við strendur landsins. En rannsóknir þessar eru allt of skammt á veg komnar.

Útibú Hafrannsóknastofnunarinnar á Húsavík mun nú hafa verið falið að annast þessar rannsóknir.

Fyrir liggja upplýsingar um heildar afla undanfarin ár, reiknaðan út frá magni grásleppuhrogna. Minni upplýsingar liggja fyrir um sóknarþungann.

Samkvæmt athugunum, sem forstöðumaður útibúsins á Húsavík hefur gert, bendir allt til þess að þrátt fyrir góðan afla s. l. vor hafi afli á sóknareiningu minnk- að á vissum svæðum.

Allt bendir til þess að á næsta vori verði um mjög aukna sókn að ræða.

Hrognkelsaveiði hefur reynst ábatasöm atvinnugrein á liðnum árum og er m. a. orðin snar þáttur í búskap margra bænda, sem við sjó búa.

Stærri bátar hafa og í auknum mæli stundað þessar veiðar.

Hér er einnig um verulegar gjaldeyristekjur að ræða. Samkv. Hagtiðindum nam andvirði útfluttra grásleppuhrogna 585 millj. kr. á s. l. ári.

Hér er því mikils um vert að eigi fari svo um hrognkelsastofninn sem um ofveidda fiskstofna við landið. Hrognkelsaveiðar eru nú stundaðar án nokkurra afskipta stjórnvalda og engar friðunarráðstafanir hafa verið gerðar.

Veiðitíminn er misjafn eftir veiðisvæðum. Nokkur friðun kynni að fást með því að kveða á um, hvenær veiði megi hefjast á viðkomandi svæði og hvenær henni skuli lokið.

Hætt er við að með þverrandi gengd annarra fisktegunda aukist sókn stærri báta í hrognkelsastofninn.

Ef svo reynist og nauðsyn krefur stofnsins vegna kemur til greina að takmarka sóknarþungann með leyfisveitingum til báta yfir ákveðinni stærð. Hefðbundin nýting innan nethelgi gæti þó aldrei heyrt undir slíkt. Svo óvenjulega stendur á, að mál þetta heyrir undir tvö ráðuneyti. Hlunnindi jarða, þar með talin veiði innan nethelgi, heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

Veiði utan nethelgi sem og fiskrannsóknir heyra undir sjávarútvegsráðuneytið.

Hér verður því til að koma samstarf beggja ráðuneytanna, svo að heildarskipu- lag fáist.